

Borgarbyggð
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 3. mars 2023
UST202301-327/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulag - Galtarholt II – frístundabyggð – Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 21. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Galtarholt II í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær til 60 ha. svæðis af 276,5 ha. þar sem gert er ráð fyrir fjölgun frístundahúsa og þéttingu byggðar, lóðunum Stapaás 2, 4 og 6 er breytt úr íbúðarlóðum í frístundalóðir og fjórar nýjar íbúðalóðir verða skilgreindar við nýjan veg sem mun heita Fitjaás. Íbúðalóðum er fjölgæð um eina, frístundalóðum er samtals fjölgæð um tíu. Gert er ráð fyrir geymsluhúsnæði á efnistökusvæði, golfbílavegum o.fl. Hesthúsalóð er tekin út ásamt einu leiksvæði.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að votlendið á skipulagssvæðinu nýtur sérstakrar verndar og fellur því undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd¹ og er það hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að afmarka það og birta í kortasjá. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 68. gr. náttúruverndarlaga segir að við gerð deiliskipulags á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skal leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.

Í greinargerð segir að votlendið falli undir 61. gr. náttúruverndarlaga og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að þetta er ekki rétt. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Því vill stofnunin vekja athygli á því að ef endanleg tillaga verkefnisins gerir ráð fyrir raski á votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu. Eins og tillagan er lögð fram virðist eini tilgangurinn með veginum vera aðkoma að frístundalóðum.

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

Auk þess kemur fram að nánast allt svæðið sé með votlendisvistgerðum með hátt verndargildi sem nýtur verndar samkvæmt alþjóðlegum verndarsamningum. Einnig kemur fram að innan svæðisins er birkiskógur.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt.

Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd.

Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Niðurstaða

Í greinargerð skipulagsins kemur fram að óheimilt sé að raska votlendi innan skipulagssvæðisins og telur Umhverfisstofnunni það jákvætt.

Hins vegar, samkvæmt gögnum frá Náttúrufræðisstofnun Íslands er svæðið, sem deiliskipulagstillagan nær til votlendisvæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, svæði með votlendisvistgerðum sem hafa mjög hátt verndargildi og ber að vernda samkvæmt verndarsamningum og með svæðum sem eru skilgreindir náttúruskógar sem ber að vernda samkvæmt lögum um skóga og skógrækt.² Einnig vill stofnunin bæta því við að í aðgerðaráætlun stjórnavalda í loftlagsmálum séu markmið að vernda og endurheimta votlendi.

Umhverfisstofnun sér ekki hvernig hægt er að ná þeim markmiðum að vernda votlendi og votlendisvistgerðum með þeirri útfærslu sem lagt er upp með. Því er mikilvægt eins og áður hefur komið fram að leita álits Ní varðandi verndargildi svæðisins.

Umhverfisstofnu vill hvetja sveitarfélagið, en og aftur, að velja svæði fyrir frístundabyggð utan verndarsvæða.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019033.html>